

## Fyrirspurn

### til dómsmálaráðherra um málsmeðferðartíma kynferðisbrotamála.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

1. Hversu langan tíma tók hver rannsókn brots hjá lögreglu sem féll undir kynferðisbrota-kafla (XXII. kafla) almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, frá því að brot var tilkynnt og þar til lögregla lauk rannsókn? Óskað er eftir tölfræði fyrir árin 2022 og 2023 sundurliðað eftir því hvort brotaþoli var barn eða fullorðinn einstaklingur.
2. Hver var meðalmálsmeðferðartími rannsókna brota hjá lögreglu sem féllu undir XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, frá því að brot var tilkynnt og þar til lögregla lauk rannsókn? Óskað er eftir tölfræði fyrir árin 2022 og 2023 sundurliðað eftir því hvort brotaþoli var barn eða fullorðinn einstaklingur.
3. Hversu langan tíma tók hver afgreiðsla máls hjá héraðssaksóknara vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, frá því að rannsókn máls lauk hjá lögreglu og þar til héraðssaksóknari tók ákvörðun um að fella málið niður eða gefa út ákæru? Óskað er eftir tölfræði fyrir árin 2022 og 2023 sundurliðað eftir því hvort brotaþoli var barn eða fullorðinn einstaklingur.
4. Hver var meðalafgreiðslutími mála hjá héraðssaksóknara vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, frá því að rannsókn máls lauk hjá lögreglu og þar til héraðssaksóknari tók ákvörðun um að fella málið niður eða gefa út ákæru? Óskað er eftir tölfræði fyrir árin 2022 og 2023 sundurliðað eftir því hvort brotaþoli var barn eða fullorðinn einstaklingur.
5. Hversu langan tíma tók málsmeðferð hvers brots sem féll undir XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, frá því að héraðssaksóknari ákvað að gefa út ákæru og þar til dómur var kveðinn upp fyrir héraðsdómstólum? Óskað er eftir tölfræði fyrir árin 2022 og 2023 sundurliðað eftir því hvort brotaþoli var barn eða fullorðinn einstaklingur.
6. Hver var meðalmálsmeðferðartími brota sem féllu undir XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, frá því að héraðssaksóknari ákvað að gefa út ákæru og þar til dómur var kveðinn upp fyrir héraðsdómstólum? Óskað er eftir tölfræði fyrir árin 2022 og 2023 sundurliðað eftir því hvort brotaþoli var barn eða fullorðinn einstaklingur.

Skriflegt svar óskast.